

Skrift

Ítaliúskrift er skrifletur sem ætlað er til nota við skriftarkennslu í grunnskólum og hefur Lágafellsskóli valið að nýta það til skriftarkennslu. Letrið er skýrt og form stafa einfalt. Skriftinni er skipt í eftirfarandi stig:

1. Grunnskrift með tengikrókum
2. Tengd skrift
3. Skrift með breiðpenna

Á fyrsta kennsluári er nemendum kennt að draga rétt til stafs, hver stafur þjálfaður markvisst til að viðunandi árangur náist. Áhersla er m.a. á rétt hlutföll stafa og eru nemendur þjálfaðir í að nota hjálparlínur. Á öðru kennsluári er lögð áhersla á rétta skrifarleið. Þar þjálfar nemendur aftur hvern stafdrátt, rétt grip og hjálparlínur. Frá fyrsta kennsluári þjálfar nemendur skrift einfaldra orða og einfaldra setninga með tengikrókum. Innlögn tenginga fer fram í nemendahópnum. Hverju og einu barni er leiðbeint og það hvatt til að fara að tengja þegar það hefur náð góðu valdi á rithendinni. Á fjórða kennsluári er tengiskrift þjálfuð enn frekar. Á fimmta og sjötta kennsluári þjálfar nemendur skrift með breiðpenna. Letur fer minnkandi og áhersla er á tengiskrift og fallega rithönd. Hafi nemandi ekki náð góðum tókum á styrk rithandar er æskilegt að sinna grunnþjálfun betur.

Skýr og læsileg rithönd krefst samfelldrar og stöðugar þjálfunar. Það tekur langan tíma að ná góðum tókum á þeirri færni